

FRAMKVÆMDA FRÉTTIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

2. TBL — FEBRÚAR 2019

FARÞEGASPÁ ISAVIA - 2019



Í [farþegaspá Isavia fyrir árið 2019](#) er gert ráð fyrir að heildarfjöldi farþega sem fara um Keflavíkurlugvöll í ár dragist saman um 8,7% frá því sem var árið 2018. Heildarfjöldi farþega er þó enn umfram þá langtímaspá sem gerð var vegna þróunaráætlunar Keflavíkurlugvallar frá árinu 2015. Heildarfjöldinn í spánni fyrir 2019 er tæplega 200 þúsund fleiri en fóru í gegnum Keflavíkurlugvöll allt árið 2017.

Í spánni fyrir 2019 er mest fækkunin í skiptifarþegum, en talið er að þeim muni fækka um 18,7% frá fyrra ári. Það skýrist helst af því að áfangastöðum mun að öllum líkindum fækka, sem og tíðni ferða til vissra áfangastaða. Þá hefur sætaframboð flugfélaganna áhrif á tengimöguleikana sem og farþega fjöldann. Komu- og brottfararfarþegum fjölgar í sumar og aftur í lok árs og hlutfall skiptifarþega verður lægra en í fyrra.

Eins og staðan er í dag er Keflavíkurlugvöllur töluvert undir alþjóðlegum þjónustuviðmiðum er varðar fermetrastærð miðað við þann fjölda farþega sem fer þar um á háannatíma. Niðurstöður alþjóðlegrar þjónustukönnunar (ASQ Survey) sýna þó að ánægja farþega vex milli ára þrátt fyrir framkvæmdaþörfina. Keflavíkurlugvöllur fer úr 27. sæti árið 2017 í 17. sæti fyrir árið 2018. Um 110 flugvællir í Evrópu eru í ASQ þjónustukönnuninni.


ÖRYGGISMOLI

Eru varasöm efni á þínum vinnustað?

Við daglega notkun varasamra efna á vinnustöðum gera starfsmenn sér oft ekki grein fyrir í hversu mikilli hættu þeir eru.

Varúðarmerkt efni geta haft alvarlegar afleiðingar á heilsu manna og orsakað ýmsa sjúkdóma. Leiðir varasamra efna inn í líkamann eru við innöndun, í gegnum húð eða munn.

Öryggisblöð eiga að fylgja varasömum efnunum frá birgja til kaupanda sem notar efnin. Þau eiga að liggja frammi fyrir alla sem nálgast þurfa efnin á vinnustaðnum.



FLUGSTÖÐ

Hér verður greint frá þeim verkefnum sem eru í gangi í flugstöðinni í febrúar.


MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM STÆKKUNAR KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

Isavia hefur lagt fram tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum stækkunar Keflavíkurflugvallar. Frestur til að senda inn athugasemdir var til 25. janúar 2019.

Tillagan er aðgengileg [hér](#) og einnig hjá [Skipulagsstofnun](#). Athugasemdir og viðbrögð Isavia við athugasemdum má finna [hér](#).



Fyrirhugaðar stækkunar á Keflavíkurflugvelli á næstu árum



Lagfæringar á parketi – svæði vel afgirt

VIÐHALDSVINNA Í SUÐURBYGGINGU

Verið er að slípa og lakka parket í landamærasal og á 1. og 2. hæð suðurbyggingar þar sem unnið er í litlum áföngum næstu mánuði.

Framkvæmdasvæði eru vel afgirt og reynt er að takmarka áhrif á rekstur.

ÖRYGGISTÁLMAR

Verið er að vinna við að setja upp öryggistálma í kringum flugstöðina. Vinnu er lokið vestanmegin og unnið er við uppsetningu norðan flugstöðvar. Áætluð verklok eru í lok febrúar.




Öryggistálmar uppsettir norðan flugstöðvar

BREYTINGAR Á LOFTRÆSINGU Í VOPNALEIT FARÞEGA

Framkvæmdir við breytingar á loftræsikerfi á vopnaleitarsvæðinu á 2. hæð í norðurbyggingu eru í gangi. Þessar breytingar munu bæta loftgæðin á svæðinu en vegna fjölgunar farþega hefur borið á hita og loftleysi.

Reynt hefur verið að vinna að breytingunum utan álagstíma og á meðan vopnaleit er lokuð, í góðri samvinnu milli starfsmanna flugverndar og verktaka. Framkvæmdum verður stýrt þannig að þær hafi sem minnst áhrif á farþega og flæði þeirra um svæðið. Áætluð verklok eru í febrúar.



Áhrifasvæði framkvæmda

FLUGHLÖÐ

Hér verður greint frá þeim flughlaðsverkefnum sem eru í gangi í febrúar.

SFA16 – STÆKKUN FLUGHLAÐS TIL AUSTURS

Undirbúningsvinna er hafin vegna eldsneytisáfyllingar á nýtt eldsneytiskerfi fjarstæða sem lagt var í SFA16 verkinu. Fjarstæði 70,71,72,73 og 75 ásamt undirstæðum þeirra „R og L“ eru með nýju eldsneytiskerfi, „Fuel Hydrant“. Eldsneytisáfylling á kerfið mun hafa áhrif á rekstur þessara stæða. Verklok eru áætluð í maí.

VDGS – VISUAL DOCKING GUIDANCE SYSTEM Á FJARSTÆÐUM

Samið hefur verið við verktaka vegna smíði og uppsetningu á VDGS stálvirki á fjarstæðum. VDGS stálvirki eru ramar og möstur sem sett eru upp fyrir sjálfvirk VDGS (Visual Docking Guidance System) kerfi sem aðstoðar flugmenn við að leggja flugvélinni. Áætlað er að uppsetning fari fram upp úr miðjum apríl fram í miðjan maí og að kerfið verði klárt til notkunar í byrjun júní. Meðan uppsetning fer fram þarf að loka stæði og verður það gert í samráði við rekstrarstjórnstöð.



VDGS dokka

SKJÓLSTÖÐVAR Á FJARSTÆÐUM (APRON BOARDING STATIONS)



Tillaga að skjólstöð á fjarstæði

um landgang. Verkefnið er liður í því að bæta gæði, þjónustu og öryggi á fjarstæðum flugvallarins. Byrjað verður á því að reisa fjórar skjólstöðvar, en þær gætu orðið fleiri, verði reynslan af þeim góð. Skjólstöðvar sem þessar er að finna víða á stórum flugvöllum þar sem loftslag er svipað og hér, til dæmis í München, þar sem þetta hefur reynst vel.

Til stendur að byggja fjórar 250–300 fermetra byggingar á fjarstæðum Keflavíkurflugvallar til þess að verja farþega, sem ganga um borð í flugvélar á fjarstæðum, fyrir veðri og vindum. Samþykkt hefur verið af stjórn Isavia að bjóða út byggingu þessara mannvirkja og er útboð fyrirhugað í vor.

Farþegar munu fara með rútum frá flugstöðinni að nýju mannvirkjunum, ganga inn í þau, upp um eina hæð og inn í flugvélinu

FLUGBRAUTIR

Helstu verkefni vegna flugbrauta í febrúarmánuði eru tilgreind hér að neðan.

FLUGVALLARSAMNINGUR

Rammasamningsútboð vegna ráðgjafar og hönnunar á flugbrautum og öðrum útisvæðum á flugvöllum landsins var auglýst í Fréttablaðinu, á útboðsvef Isavia og á auglýsingavef Evrópusambandsins í lok síðasta árs.

Kynningarfundur bjóðenda var 11. janúar og skiluðu bjóðendur inn gögnum fyrir þrep 1 þann 31. janúar sl. Verið er að fara yfir forvalið og munu gögn verða gefin út til bjóðenda fyrir þrep 2 í febrúar.

Helstu hönnunarverkefni sem ráðgerð eru á samningstíma rammasamningsins felast í hugmyndavinnu, þróun og tæknihönnun tengdum verkefnum Isavia á flugvöllum, t.d. flugbrauta, akbrauta, eftirlits og rafkerfa.



UN GLOBAL COMPACT

Isavia er aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna ([UN Global Compact](#)). Með þátttöku skuldbindur félagið sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginreglur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Isavia skuldbindur sig jafnframt til að taka þátt í verkefnum sem styðja við þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og birta opinberlega upplýsingar um samfélagsábyrgð félagsins í samræmi við viðmið UN Global Compact og GRI.



Útgefandi er Tækni- og eignasvið,
Umsjónarmaður er Guðrún Jóna
(gudrun.jons@isavia.is)